

Á degi íslenskrar tungu 16.11.2017

Ég óska Íslendingum og unnendum íslenskrar tungu til hamingju með daginn. Hann er mikilvægur. Vonandi hugsum við okkar gang í sambandi við málfar og reynum jafnvel að bæta það. Sumum finnst tungumálið harla léttvægt, skilur ekki í þessu málfarsfjaðrafoki, yppir öxlum og segir „ókei.“ Það gleymist oft og tíðum, að gott málfar og skilmerkileg hugsun fara saman. Það sama gildir vitaskuld um tjáningu. Það gæti verið hollt að minnast þess að tapi menn tungunni, er viðbúið, að sjálfskenndin bíði tjón. Undirokarar allra tíma hafa skilið einmitt þetta. Enda er kúgun þjóða ekki fullkomin, fyrr en tekist hefur að svipta hana tungu sinni. Tilburðir til menningarkúgunar eru öllu lævisari heldur en vopnaskak, sem fremur hvetur fólk til sjálfsvarna. Því er sú fyrrnefnda stundum árangursríkari. Á árum áður var talað um hernám hugans. Þetta hernám virðist í algleymingi nú. Ég heyri sjaldan fagra íslensku. Mér er nær að halda, að hjá klerkum landsins sé síðasta vígi tungunnar. Þökk sé þeim. Ég hlýt að hvetja uppalendur af öllu tagi til að halda vöku sinni, skerpa vitund sína og hafa fyrir börnunum gott málfar. Það er því miður á brattan að sækja. Sumir þeirra tala orðið einhvers konar ensk-íslenska hraktungu. Og hana læra börnin, tala jafnvel saman á þeirri tungu. Alls konar málfarsleg lágkúra er áberandi og hefur líklega aukist með vexti ferðamannþjónustunnar. Landinn virðist halda, að útlendingum sé greiði gerður með því að afbaka íslensku. Gæti verið, að hið einstaka tungumál vort hafi aðdráttarafl, ekki síður en leikni með knött, fossar og hraun? Allavega er ámáttlegt að sjá tilburði í þessa veru, þegar t.d. Flugfélag Íslands, gamalgróið og gott nafn, heitir nú „Iceland Air Connect“ eða eitthvað á móta. Hvílík bjálfasmið!! Og varla er „bus4you“ skárri. Stöndum vörð um íslenskuna. Það ætti að vera ljúf skylda okkar sem menningarþjóðar.